

Hafnarfirði, 6. maí 2014

Ágæta bæjarráð,

Þann 9. apríl síðastliðinn var Hrafnhildi Blomsterberg stjórnanda Flensborgarkórsins sent meðfylgjandi bréf þar sem kórnum er boðið að hefja samstarf við aðstandendur hinnar alþjóðlegu listahátíðar ungs fólks *Festival junger Künstler Bayreuth* sem fram fer árlega í Bayreuth í Þýskalandi.

Þessi hátíð er ein stærsta og virtasta ungmennahátíð sem haldin er í Evrópu og að henni standa þeir sömu og skipuleggja hina umfangsmiklu Wagner-hátíð í Þýskalandi sem talin er meðal virtustu listahátíða heims. Meðfylgjandi er einnig stutt umfjöllun um boðið og hátíðina sem birtist í DV á dögunum.

Samstarfið felst fyrst og fremst í þátttöku kórsins í hátíð þessa árs, þá sérstaklega í verkefni er kallast *Alþjóðlegur samhljómur*. Þar munu nokkrir ungmennakórar víðsvegar að úr heiminum, sem vakið hafa athygli fyrir starf sitt, koma saman og æfa í sex tíma á dag í tvær vikur krefjandi tónverk og flytja á þrennum stórum tónleikum undir stjórn sænska kórstjórans Fred Sjöberg. Auk þess erum við beðin um að halda ferna tónleika með íslenski efnisskrá að okkar eigin vali.

Flensborgarkórinn er fyrsti íslenski kórinn sem boðið er á hátíðina sem nú verður haldin í sextugasta og fjórða sinn. Í boðinu felst að allur kostnaður eftir komuna til Þýskalands verður í höndum stjórnenda hátíðarinnar. Það er okkur því mikill heiður að þekkjust þetta boð. Kórinn þarf hinsvegar sjálfur að greiða allan ferðakostnað og er áætlaður kostnaður um 1.800.000 krónur. Engir fastir styrktar- eða launaaðilar standa að baki kórnum eða stjórnanda hans og afar lítið fé er í sjóðum kórsins að þessu sinni þar sem mikill kostnaður var við ferð hans á alþjóðlegu kórakeppnina *The International Anton Bruckner Competition* í Línz í Austurríki síðastliðið sumar (2013). Þess má geta að í þeirri keppni vann kórinn til tveggja gullverðlauna. Árið 2010 vann Flensborgarkórinn fyrstu verðlaun í flokki blandaðra kóra í alþjóðlegu kórakeppninni *The Singing World* sem fram fór í Sankti Pétursborg í Rússlandi.

Við sækjumst hér með eftir styrkveitingu af hálfu bæjarráðs að upphæð kr. 500.000 og bendum á að boðið barst okkur eftir að umsóknarfrestur fyrir hina hefðbundnu menningastyrki rann út. Tekið skal fram að Flensborgarkórinn hefur aðeins einu sinni frá stofnun hans hlotið styrk frá Hafnarfjarðarbæ.

Við lítum á þetta boð sem einstakt tækifæri til að kynna íslenska tónlistarmenningu, þroska og þróa okkar eigin kunnáttu og kynnast menningu og starfi listamanna frá öðrum löndum. Það verður að viðurkennast að því miður er fátt í boði í þessum efnunum hér á landi.

Við vonum að bæjarráð sýni erindi okkar skilning og hafi áhuga á að styðja við bakið á okkur í þessu spennandi verkefni.


Með fyrirfram þökk fyrir hönd Flensborgarkórsins,


Svanhvít Traustadóttir

Svanhvít Erla Traustadóttir, formaður.

svanaerla@hotmail.com

s. 692-2628





FESTIVAL
JUNGER
KÜNSTLER
BAYREUTH

Festival junger Künstler Bayreuth, Äußere Badstraße 7a, 95448 Bayreuth, DE

Hrafnhildur Blomsterberg
Laekjarbergi 36
221 Hafnarfjordur
Iceland

Äußere Badstraße 7a
95448 Bayreuth, Deutschland
Phone: +49(0)921 9800444
Fax: +49(0)921 9800449
info@YoungArtistsBayreuth.com

Commerzbank Bayreuth
Bankleitzahl 773 400 76
Konto-Nr. 200 220 200

Wednesday, 09 April 2014
STH/JW

Dear Hrafnhildur Blomsterberg,

It is a great honor for us to start a cooperation with the remarkable and exciting Icelandic choir *Flensborgarkórinn* under your direction because of the international cultural interest of the repertoire and quality of your ensemble.

With pleasure we invite your choir to take part in Young Artists Festival Bayreuth from August 2 to August 17 2014. We would like to ask your choir to present the Icelandic culture in a number of concerts as well as to take part in the project *Harmony International*. The choirs together with other international singers under the direction of Fred Sjöberg, Sweden.

We grant your choir free room and board, additionally the members of your choir will be medically insured.

We are looking forward to hearing from you.

Sincerely, Yours


Dr. h. c. Thammer
General Director

„Okkur finnst þetta mikill heiður“

Boðið á virta ungmennalistahátíð í Bayreuth

Ritstjórn DV ritstjom@dv.is

17:00 › 23. apríl 2014



Ungur kór í kórnum er hópur sem hefur sungið saman lengi og þekkt vel, segir Hrafnhildur.

Mynd: Hrafnhildur Blomsterberg

„Okkur finnst þetta mikill heiður,“ segir Hrafnhildur Blomsterberg, stjórnandi Flensborgarkórsins. Kórinn hefur fengið boð á virta ungmennalistahátíð, Festival Junger Künstler Bayreuth, í Bayreuth í Þýskalandi í ágúst á þessu ári.

Raunar er kórnum boðið sem sérstökum gesti á hátíðina og er meðlimum hans boðin gisting og uppihald í Bayreuth í þær tvær vikur sem hátíðin varir. Í ár verða um 120 kórsöngvarar sem munu æfa og halda þrenna tónleika undir stjórn sænska kórstjórans Fred Sjöberg og halda svo sína eigin tónleika. „Flensborgakórinn mun síðan halda þrenna til ferna tónleika með eigin efnisskrá, sem verða helst kórlög frá Skandinavíu,“ segir Hrafnhildur.

Hátíðin var stofnuð árið 1950 en þar koma saman ungir listamenn, starfa saman og læra hver af öðrum. Í ár verða á hátíðinni ungmennakórar alls staðar að úr heiminum sem þykja hafa skarað fram úr. Flensborgakórinn er einn þeirra, en hann hefur til að mynda unnið til fyrstu verðlauna í tveimur kórakeppnum erlendis á undanföllum árum. „Flensborgarskólinn er mjög ungur kór, en við höfum farið í tvær keppnir þar sem við unnum til gullverðlauna. Í kórnum eru núverandi og fyrrverandi nemendur Flensborgarskólans. Sumir þeirra hafa sungið sleitulaust með mér í tíu eða tólf ár. Þetta er skemmtilegur hópur, vel samstilltur og á breiðu aldursbili,“ segir

Hrafnhildur sem segir mikla eftirvæntingu ríkja meðal kórfélaga vegna hátíðarinnar.

„Ég er svo lánsöm að ég er í skemmtilegasta starfi sem til er og hlakka til að fara í vinnuna á hverjum degi. Ég hef einnig fengið þann meðbyr sem við höfum þurft til að halda þessu starfi gangandi og það hefur gengið mjög vel.“